

Ed. 504. Frumvarp til laga

um Ferðaskrifstofu ríkisins.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

1. gr.

Ríkisstjórnin setur á stofn skrifstofu í Reykjavík, er nefnist Ferðaskrifstofa ríkisins, og sé það verkefni hennar að kynna landið út á við og hafa með höndum leiðbeiningar og fyrirgreiðslu innlendra og erlendra ferðamanna, og hefir hún ein rétt til þess að starfrækja ferðaskrifstofu fyrir erlenda menn.

2. gr.

Ferðaskrifstofa ríkisins skal starfa að því að veita fræðslu um landið innanlands og utan með fræðsluritum, útvarpserindum, fyrirlestrum, kvikmyndum, auglýsingum og á annan hátt, með það fyrir augum að vekja athygli ferðamanna á landinu og kynna það á þann hátt, að menn fái sem gleggsta hugmynd um lands- og þjóðarháttu, menningu, atvinnulíf og framleiðslu.

3. gr.

Nú takast samningar um gagnkvæm erindi og upplýsingar milli Ríkisútvarpsins og erlendra útvarpsstöðva, og skal þá starfsemi Ríkisútvarpsins í þessu efni jafnan hagað eftir samkomulagi við forstjóra Ferðaskrifstofu ríkisins.

4. gr.

Ferðaskrifstofa ríkisins skal jafnan veita ókeypis leiðbeiningar um ferðalög umhverfis landið og á landinu, um gistihús, farartæki, ákvörðunarstaði og annað, sem ferðamönnum er nauðsynlegt að fregna um, jafnframt því sem hún annast og sér um, að ferðamönnum, innlendum sem útlendum, er þess óska,

sé veittur hverskonar fararbeiði. Ferðaskrifstofan gerir samninga við skipafélög, bifreiðafélög eða eigendur bifreiða og umráðamenn annara farartækja um flutning á ferðamönnum og um fargjöld.

5. gr.

Ferðaskrifstofa ríkisins skal hafa rétt til þess að heimta gjaldskrár af gisti- húsnum, veitingahúsnum og eigendum fólksflutningsbifreiða. Nú virðist einhver liður gjaldskráanna ósanngjarn, og hefir þá ferðaskrifstofan heimild til þess að breyta honum, að fengnum tillögum nefndar, er eigendur gistihúsa og veit- ingahúsa og eigendur fólksflutningabifreiða hafa rétt til að útnefna menn í, samkvæmt reglugerð, er ríkisstjórnin gefur út.

6. gr.

Ferðaskrifstofan skal hafa eftirlit með hreinlæti á gistihúsnum og veitinga- húsnum, þrúðmannlegri umgengni og aðbúnaði ferðamanna. Finni ferðaskrif- stofan ástæðu til umvöndunar, skal hún gera eigendum gistihúsanna og veit- ingahúsanna viðvart um það. Nú láta eigendur gistihúsa og veitingahúsa eigi skipast við umvöndun skrifstofunnar, og hefir þá ríkisstjórnin, að fengnum tillögum ferðaskrifstofunnar, heimild til þess að svipta eigendur gistihúsa og veitingahúsa réttinum til þess að reka þau. Heimilt er ferðaskrifstofunni að á- kveða, að útlendir ferðamenn skuli sitja fyrir innlendum í gistihúsnum, ef hús- rúm nægir ekki öllum, er þess æskja, enda gefi ríkisstjórnin út reglugerð, er mæli fyrir um, hvernig þessu ákvæði megi framfylgja.

7. gr.

Laun forstjóra Ferðaskrifstofu ríkisins skulu ákveðin í launalögum, en þangað til það verður gert skal ráðherra sá, er ferðaskrifstofan heyrir undir, ákveða þau. Ráðherra ákveður í reglugerð nánar um fyrirkomulag og rekstur skrifstofunnar og um tölu, launakjör og starfsvið starfsmanna hennar, og um innheimtu stimpilgjalds, er ræðir um í 8. og 9. gr.

8. gr.

Til þess að afla skrifstofunni tekna skal greitt stimpilgjald af farseðlum með bifreiðum í áætlunarferðum, 5 aurar af hverri heilli krónu í andvirði seðilsins. Stimpilgjald þetta rennur til Ferðaskrifstofu ríkisins.

9. gr.

Skýlt skal vera að afhenda jafnan farþega, er fluttur er í bifreið gegn greiðslu, farseðil með áletraðri upphæð þeirri, er greiða her, enda sé farseðillinn stimplaður svo sem mælt er fyrir í 8. gr.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 100– 1000 króna, nema þyngri refsingar liggja við samkvæmt öðrum lögum, og skal fara með mál út af brotum sem almenn lögglumál.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni ríkisstjórnarinnar, og fylgdi því frá skipulagsnefnd atvinnumála eftirfarandi greinargerð:

Á þinginu 1934 var lagt fram frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að setja á stofn ferðamannaskrifstofu. Frumvarp þetta var afgreitt því nær óbreytt í neðri deild, en tími vannst eigi til afgreiðslu þess í efri deild. Umræður um mál þetta urðu miklar, og sýndist sitt hverjum. Virtist sumum of skammt gengið, er hér væri aðeins um heimildarlög að ræða, og eigi vera nógu ljóst tekið fram í frumvarpinu, að ætlazt væri til þess, að hin væntanlega ferðamannaskrifstofa hefði forustu um allar leiðheiningar og fyrirgreiðslu ferðamanna. Ná væmari athugun á því efni síðastliðið sumar, á hvern hátt hagað væri móttökum erlendra ferðamanna hérlendis, hefir einnig orðið til þess, að skipulagsnefnd atvinnumála hefir endurskoðað frumvarpið og mælir nú með því, að það verði afgreitt í nokkuð annari mynd.

Mikilvægustu breytingarnar eru tvennskonar. Til þess er ætlazt, að hin væntanlega skrifstofa hafi ekki eingöngu með höndum þau mál, er einkum lúta að því að örva ferðamannastrauminn til landsins og búa svo í hauginn fyrir gesti, að þeir hafi gleði og gagn af komu sinni og landsmenn beinan og óbeinan hagnað, heldur einnig almenna upplýsinga- og kynningarstarfsemi fyrir landið á þeim stöðum erlendis, þar sem mest er um vert, að þekkingin á þjóð vorri og landi hreytist og bætist. Ferðamannamálið og slíkt kynningarstarf, sem hér er stefnt að, er svo náskyld, að sjálfsagt virðist fyrir oss að tengja þetta sem fastast saman.

Meðvitund manna um það, að ekki megi láta undir höfuð leggjast að halda uppi stöðugri og sem áhrifamestri kynningarstarfsemi fyrir landið erlendis, hefir skýrzt mjög á síðari tímum og aukizt. Stöðu vorri í rikjafélagi heimsins er svo háttað, að fáar þjóðir hafa eins mikla þörf á, að þessu efni sé sinnt eins og íslenzk þjóð. Enn ríkir hin megnasta vanþekking í heiminum á íslenzkum efnunum, og stendur það oss mjög tilfinnanlega fyrir þrifun. Fyrst og fremst hafa margsinnis verið rök að því leidd, að bezta vörn vor — og því nær hin eina raunar — í hverju því efni, er snertir sjálfstæði landsins, sé í því fólgin, að þekking menningarþjóða verði sem viðtækust á því, að hér búi þjóð, sem fyrir söguleg rök og íbúandi einkenni eigi síðferðislega rétt á að fara svo með mál sín og vinna á þann hátt að sinni eigin heill, er henni virðist sjálfri bezt henta. En auk þessarar mikilvægu staðreyndar er hins að gæta, að örvun viðskipta vorra við erlendar þjóðir er ekki sízt undir því komin, að þær séu oft og eftirminnilega á það minntar, að hingað sé einhverra viðskipta að leita. Nú er það á almanna vitorði, að naumast er nokkur þjóð til, sem á allt sitt eins afdráttarlaust undir því komið, að hin erlendu viðskipti gangi sem greiðlegast. Hitt er og ekki síður kunnugt, að aldrei hefir verið bráðari þörf á því að neyta allrar orku í þessu sambandi en nú. Ráðstafanir þær um upplýsingastarfsemi, sem stefnt er að í frumvarpinu, eru því einn sjálf-sagðasti liður í viðleitni þings og stjórnar til þess að bæta úr örðugleikum þeim, er viðskiptamál landsins eru í, sem bent verður á.

Ef til vill kynni ýmsum að virðast eðlilegast, að Íslendingar færu hér sömu leiðir og yfirleitt tíðkast hjá nágrannaþjóðum vorum, þar sem kynningarstarfsemin er mjög tengd við utanrikisráðuneytin. Kunnugt er, að í ráðuneytum þessum er víðast hvar sérstök deild, er um þessi mál fjallar, og er þá blaðaskrifstofa ráðuneytisins („Udenrigsdepartementets Pressekontor“) þar merkasti liðurinn í. En hér á landi er að ýmsu leyti öðruvisi ástatt en í löndum þeim, sem annars væri æskilegt að taka til fyrirmyndar. Undir utanrikismálaráðuneytin í stærri löndum eru settar meira og minna viðtækar sendisveitir auk ræðismanna viðsvegar um heim. Að þessu er að sjálfsgöðu mikill stuðningur. Hjá oss er tiltölulega litlu til að dreifa, er þessu samsvari. Og eins og drepið hefir verið á hér að framan, og nánar mun vikið að síðar í greinargerð þessari, er svo náíð samband á milli kynningarstarfseminnar og þeirrar viðleitni að örva ferðamannastrauminn til landsins, að ástæðulaust virðist að skipta þessu milli tveggja aðilja.

Samkvæmt 2. gr. frumvarpsins er svo til ætlazt, að kynningarstarfsemin miðist fyrst og fremst við það, sem hér fer á eftir:

1. *Útgáfur rita.* Með þessu er ekki einungis átt við bækur og ritlinga — og hefir þegar verið nokkur vísir til slíkrar starfsemi af hálfu landsstjórnarinnar og Landsbanka Íslands —, heldur yrði sérstök áherzla á það lögð, að koma á framfæri blaðagreinum og ritgerðum í tímarit. Virðist það sameiginlegt álit þeirra manna, sem þessi efni hafa sérstaklega rannsakað í nágrannalöndunum (sbr. t. d. „Beretning fra Udenrigsministeriets Udvalg for Turistpropaganda i Udlandet“, København 1934, og „Indstilling fra den departementale Turisttraffikk-Komite“, Oslo 1934), að þessar almennu upplýsingar, sem á þennan hátt berast mönnum, séu áhrifamesta leiðin til þess að vekja athygli á landinu — ekki eingöngu sem ferðamannalandi, heldur einnig til þess að veita almennan fróðleik, sem kemur að margvíslegu gagni í viðskiptalífínu. Í sambandi við þetta er þess einnig að geta, að skrifstofan þarf sífellt að kosta kapps um að veita út um blaðaheiminn nægilegum upplýsingum, sem hinir erlendu blaðamenn síðan notfæra sé í skrifum sínum.

Mikil áherzla er á það lögð í ýmsum löndum að bjóða erlendum blaðamönnum við og við til landsins. Að sjálfsgöðu mundi það verða verk skrifstofunnar að athuga möguleika fyrir slíku hér og annast undirbúning, ef að þessu yrði horfið.

2. *Fyrirlestrar.* Hér er um það tvennt að ræða, að ráðstafanir séu til þess gerðar, að valdir menn islenzkir efni til fyrirlestraferða erlendis, og eins hitt, að búa efni í hendur þeim mönnum, sem hentugt virtist að fá til slíks starfs erlendis. Í fljótu bragði mætti svo virðast, að fyrirlestrum erlendis yrði eigi haldið uppi nema með ærnum tilkostnaði, en tiltölulega auðvelt er að fá hér leyst mikið og þarft verk af hendi án annars tilkostnaðar en þess verks, er skrifstofan sjálf gæti annazt. Hér er mest undir því komið, að skrifstofan sé sér úti um þau sambönd, er að haldi koma, og að vandað sé til þess undirbúningsstarfs, er hún sjálf þarf að sjá um.

3. *Filmur.* Þessi liður greinarinnar er að sjálfsgöðu nátengdur þeim, er næstur er á undan. Hentugasta tæki, sem nú er fánlegt til þess að veita mönn-

um fróðleik um land og þjóðarháttu, eru kvikmyndir, enda er á því stöðug aukning, að þær séu til þess notaðar. Koma hér hvorartveggja til greina, stnttar myndir, sem sýndar eru á almennum kvikmyndahúsum og eru þá liðir í kvöldskemmtun leikhússins, og lengri myndir, sem notaðar eru við fyrirlestrahald. Eins og kunnugt er, hafa verið gerðar ráðstafanir til þess nýlega að efna til kvikmyndatöku hér á landi, og ef ráða má af reynslu annara þjóða um árangur af þessu, er næsta sennilegt, að við byrjunina eina verði ekki látið hér sitja. En skrifstofan ætti að sjá um, að filma þessi yrði notuð á hinn ýtrasta hátt jafnskjótt og lokið verður við hana.

4. *Notkun Ríkisútvarpsins.* Hingað til hefir útvarpið hér á landi því nær eingöngu verið notað til þess að flytja landsmönnum fregnir og erindi og hljómlist, en lítið verið við það fengizt að ná til erlendra þjóða með það, sem vér kynnum að vilja láta þær fregna nm. Á þessu þyrfti að verða hin bráðasta breyting. Með útvarpinu höfum vér litt metanlega möguleika til þess að kynna landið og þjóðina erlendis. Nú mun eitthvað hafa verið grennslazt eftir því, hvort líkindi værn fyrir því, að unnt yrði að koma á gagnkvæmm erindum og nplýsingum í R.útv. og erlendum útvarpsstöðvum, og mun það mál horfa á þá leið, að ástæða sé til þess að ætla, að þetta megi takast. Eftirtektarvert er, að smálöndin hafa tekið þessn sérstaklega vel, og er það að vonum, því að þau eiga yfirleitt að því leyti sammerkt við oss, að þeim er það mjög mikilsvert, að þekking á aðstæðum þeirra öllum nái til sem flestra. Sjálfsagt virðist, að sem nánust samvinna yrði um þetta efni milli Ríkisútvarpsins og hinnar væntanlegu skrifstofu, og er því ráð fyrir gert í 3. gr. frumvarpsins, að slíkri samvinnu verði komið á.

5. *Auglýsingar um afurðir.* Jafnframt þeim almennu upplýsingum, sem skrifstofan ætti að veita og rætt hefir verið nm hér að framan, er að sjálfsögðu óhjákvæmilegt að leggja hið mesta kapp á að koma auglýsingum um ákveðnar afnrðir sem víðast á framfæri. Æskilegt mætti virðast, að hlntaðeigendur, sem sölu afurða þessara annast, stæðn að öllu leyti straum af slíkum auglýsingum, en þegar vitanlegt er af fyrri reynslu, að af þessu er mikið minna gert en þörf er á, þá má ekki í það horfa að veita nokkurt liðsinni af hálfu hins opinbera. En auk þess er ástæða til þess að leggja áherzlu á, að ófullkomnar auglýsingar á isl. afurðum stafa vafalaust meðfram af því, að hér er nú enginn aðili, sem teknr að sér að sjá um auglýsingarnar, semja þær, semja um þær og koma þeim á framfæri, þar sem helzt kemur að haldi. Er því þess að vænta, að nán samvinna hefjist með kaupþýslmönnum og skrifstofnum, jafnskjótt og hún hefir tekið til starfa og hefir sýnt, hver hlunnindi eru af henni fyrir þá, sem nú berjast við að koma út afnrðunum á heimsmarkaðinn.

Eins og sjá má af þessari greinargerð fyrir starfi því, sem biður upplýsingaskrifstofunnar, þá ætti svo að segja hver liður þess að hafa meiri og meiri áhrif á ferðamannamálið. Enda er það mál annað höfnð-viðfangsefni stofnunar þessarar, svo sem efni frumvarpsins her með sér.

Umræður þær, sem fram fóru á þinginu í fyrra um stofnun ferðamannaskrifstofn, báru það með sér, að aðeins einn þeirra þingmanna, sem tókn þátt í umræðunum, taldi óhentugt að vinna að því að örva ferðamannastraum-

inn til landsins. Sá þingmaður færði þau rök fyrir skoðun sinni, að spilling færi jafnan í kjölfar erlendra ferðamanna. Að visu var ferðamönnum þessum skipt í tvo flokka, sem taldir voru mjög misjafnir að gæðum. Annarsvegar voru svonefndir „túristar“ og hinsvegar menn, sem koma hingað af ást til landsins, sögu þess og bókmennta. Var því haldið fram, að oss væri fengur í öðrum flokknum, en skaði að hinum.

Sérstök ástæða þykir til þess að drepa á þessa skoðun hér sökum þess, að því fer fjarri, að hún sé eins dæmi. En þar fyrir er hún mjög villandi og röng. Fyrst og fremst er ekki nokkur leið að greina þá menn úr ferðamannahópnum, sem erlendis hafa fengið einhver kynni af íslenskum efnum og koma hingað af fróðleiksfýsn. Í hverjum hópi eru slíkir menn og öll upplýsingastarfsemi um landið miðar að því að auka tölu þeirra. Og „túristar“ eru á engan hátt skaðlegir menn — hvort sem þeir eru fróðir menn um landið eða ófróðir. Eða öllu heldur, þeir eru því aðeins skaðsamlegir, að landsbúar sjálfir hagi viðskiptum sínum við þá ósæmilega. Um það var talsvert rætt og ritað t. d. í Noregi um eitt skeið, að ferðamenn væru byggðum og atvinnulífi landsmanna hættulegir. Því var lýst, hvernig setið væri um ferðamennina í því skyni að hafa út úr þeim fé í ferðalögum og í gistihúsum, hvernig unglingar væru vakandi yfir hverju tækifæri til þess að hremma þjóf fé, og óhæfilegir starfskraftar drægjust frá nytsamri vinnu til þess, sem í eðli sínu æli af sér þýlyndi og manndómsleysi. En nú eru þessar raddir með öllu þagnaðar, enda aðstæður með öllu breyttar, eftir því sem fyrrv. forsætisráðherra landsins, Hundseid, fullyrðir í ágætri ræðu um þetta efni, er hann flutti í Oslo 1932. Móttökur ferðamanna eru nú orðnar sama eðlis þar í landi eins og hver önnur viðskipti, þegar fé er gildið fyrir ákveðin verðmæti eða hlunnindi, og enginn Norðmaður mun nú vilja láta landsmenn fara á mis við 30 milljónir króna erlends gjaldeyris af ótta við þá hættu, sem ekki er til. Þarf naumast á það að benda, að ef hér er um siðferðislega hættu að ræða fyrir vora þjóð, þá verður henni svo bezt afstýrt, að þegar í upphafi sé unnið að því, að þessu máli verði, fyrir atbeina löggjafar og ríkisvaldsins, beint í það horf, sem til heilla horfir og heilbrigðast er.

En þótt þessi ótti, sem hér hefir verið drepit á, sé til, þá er að visu hitt eins víst, að hann er aðeins til hjá litlum hluta þjóðarinnar. Langsamlega meiri hluti þeirra manna, sem látið hafa þetta efni að einhverju leyti til sín taka, hafa reynt um það sammála, að vinna bæri að því að örva ferðamannstrauminn eftir því sem viðbúnað er hér frekast hægt að hafa.

Í frv. er gert ráð fyrir, að hin fyrirhugaða skrifstofa hafi að öllu leyti með höndum mál þetta. Virðist það fyrirkomulag eitt tryggja það, að unnt verði að einheita sér svo í málinu sem þörf er á. Þessi einkaréttur skrifstofunnar til slíks starfs er á engan hátt einsdæmi, því að fimm ríki í Norðurálfunni — Ítalía, Rússland, Tsjechkoslovakía, Þýskaland og Austurríki — hafa komið á sjá sér einkarétti um þessi efni í mismunandi myndum. Annars tíðkast það mest, að þeir aðilar, sem hér eiga helzt hlut að máli, bindist samtökum, með meiri og minni aðstoð ríkisvaldsins, til þess að halda uppi þessari starfsemi. Í Noregi er, eins og áður hefir verið bent á, mikill afrakstur af viðskiptum við ferðamenn. Þar er svo háttáð stjórn þessara mála, að sambandsfélag

gistihúsa, ferðamannaskrifstofur, ferðamannafélög í einstökum landshlutum, iðnaðarfélag, bifreiðafélög, verzlunarráð í einstökum landshlutum, íþróttafélög og margskonar aðrar stofnanir, mynda félagsskap, er nefnist „Landslaget for Reiselivet“. Þessu félagi er einkum falin forusta um ferðamannamálið í heild sinni. Skipun félagsins er þannig háttað, að 40 manna ráð, sem kosið er af stofnununum, sem í Landslaget eru, semur fjárhagsáætlun og mælir fyrir um grundvallarreglur, en í stjórn félagsins er einn framkvæmdastjóri, 4 stjórnendur valdir af ríkinu (2 af verzlunarráðuneytinu, 1 af utanríkisráðuneytinu og 1 af ríkisjárnbrautunum) og 4 kosnir stjórnendur (1 fulltrúi fyrir samgöngufélög, sem eru einkafyrirtæki, 1 fulltrúi í sambandsfélag gistihúsa, 1 fulltrúi fyrir ferðamannafélög í einstökum landshlutum og 1 fulltrúi fyrir verzlun, iðnað og iðju).

Augljóst er, að hérlendis verða menn að fara allt aðrar leiðir en farnar eru í Noregi og öðrum nágrannalöndum, þar sem viðskiptalífið er komið í ólíkt fastari skorður. Hér er t. d. fæst af þeim stofnunum til, sem annarsstaðar láta þessi mál mest til sín taka. Hinsvegar er heldur ekki um það að villast, að ef ríkisvaldið tekur ekki sjálft forustu í málinu, þá muni lítið verða að gert, sem til endurbóta horfir. Það er bersýnilegt, að fyrst ríkisvaldið verður að veita mikilsverða aðstoð þar, sem öflugar stofnanir eru þó fyrir, þá muni slík aðstoð verða óhjákvæmileg í landi, sem engu á slíku til að dreifa. Hér hafa verið litlar skrifstofur, sem tekið hafa að sér að leiðbeina ferðamönnum, en þær eru þess á engan hátt megnugar að halda uppi neinni starfsemi, sem horfir til aukningar ferðamannastraumnum.

Í fyrri hluta greinargerðar þessarar er því lýst, hvar verkefni ferðaskrifstofunnar fellur að mestu eða öllu leyti saman við hina almennu kynningarstarfsemi (útgáfur ýmislegrar, fyrirlestrar o. s. frv.), en auk þess eru vitaskuld önnur verkefni, sem bíða skrifstofunnar sérstaklega í sambandi við ferðamannamálið. Koma þar fyrst til greina sérstakar ferðaauglýsingar og allskonar upplýsingar, sem lúta beint að ferðalögum. Þá eru og samningar allir við skipafélög, bifreiðafélög eða eigendur bifreiða og umráðamenn annara farartækja um flutninga á ferðamönnum og um fargjöld, ráðstafanir um hentuga leiðbeinendur, eftirlit með gistihúsum o. fl. Skal hér lítið eitt dregið á nokkur atriði, er hér koma til greina.

Samgöngur. Samgöngukerfi landsins við útlönd og innanlands á sér enn svo skamman aldur, að því fer að sjálfsögðu mjög fjarri, að sæmilega sé séð fyrir þeim málum. Örðugleikarnir, sem hér eru á, koma að sjálfsögðu ekki síður fram í þessu ferðamannamáli en á öðrum sviðum. Fyrst er þess að gæta, að eins og nú er háttað flutningum til landsins með almennum farþegaskipum, þá er naumast kostur á að flytja fleiri útlenda gesti á sumrum en nú eru fluttir. En það verður að teljast með öllu óviðunandi, að ekki er séð fyrir því, að þeir menn eigi skipa kost til landsins, sem hingað vilja fara og oss er þökk á að komi. Verður það því að sjálfsögðu eitt fyrsta verkefni skrifstofunnar að leita fyrir sér um, hvernig úr þessu verði bætt. Eins munu menn bráðlega reka sig á, að hraða þarf nokkrum vegagerðum, sem í sjálfu sér eru með öllu nauðsynlegar, en mundu breyta mikið aðstöðu allri með flutning á erlendu ferðafólki. Skal hér aðeins

nefndur í því sambandi vegurinn frá Þingvöllum um Laugarvatn að Geysi. Yrði honum lokið, væri unnt að fara með ferðamenn í hringferð um fagra og merka staði. En fari svo, að vel takist með auknar komur ferðamanna, mundu svo sjálfsagðar vegagerðir sem þessi borga sig fyrir landsmenn á mjög skömmum tíma.

En þótt ýmsu sé áfátt um skipakost og vegi, þá er önnur hlið samgöngumálanna, sem hér kemur til greina, sem auðveldara er úr að bæta. Undirbúningi ferðagestanna um landið er nú oft töluvert ábótavant. Ástæða er t. d. til þess að ætla, að gjald það, sem ferðamenn verða stundum að greiða fyrir flutning, sé tæplega sæmandi. Orð leikur á, að ferðamenn greiði stundum yfir 100 krónur fyrir 7 manna bíl í 50 kílómetra ferð með skammri viðdvöl, og þaðan af meira fyrir lengri ferðir. Þetta gjald er 3—4 sinnum meira en innlendir menn greiða. Að visu má segja, að fyrir þær sakir óski menn eftir útlendum ferðamönnum, að eftir þá liggi eitthvert fé í landinu. En hér er um hófleysu að ræða, sem miklum skaða getur valdið. Komist það orð á, að hér sé óhóflega dýrt að ferðast, hlýtur það að verða til þess að draga úr ferðamannastraumnum, en það kemur að lokum ekki einungis niður á þeim, sem hagnað hafa af flutningunum, heldur og öllum þeim, sem einhver viðskipti hafa við ferðamennina. Úr þessu verður naumast á annan veg bætt, eins og háttar til hér á landi, en með því að sérstök ríkisstofnun taki málið í sínar hendur og hafi með höndum samninga við útlendar ferðaskrifstofur eða ferðamennina sjálfa og innlenda hlutaðeigendur. Enda er svo ráð fyrir gert í frumvarpinu.

Önnur hlið, sem snýr að ferðalögum útlendinga um landið, viðkemur þeim fararstjórum og túlkum, er til þeirra veljast. Sem stendur er allt undir hælinn lagt, hvernig um þetta tekst. Og staðreynt er, að vanþekking túlkanna og leiðbeinara er stundum nærri ótrúleg. Erlendis er nú hvarvetna að því stefnt að láta þá eina við slíkt fást, er sannað hafa með prófum, að þeir hafi til þess kunnáttu og þroska. Svo verður einnig að stefna hér.

Gistihús. Skortur á hentugum gistihúsum er einn örðugasti þröskuldur að yfirstiga í þessu máli. Ber það tvennt til, að þau eru flest ófullkomin og auk þess of fá, ef um verulega aukningu ferðamanna væri að ræða. Nú sem stendur er á níu stöðum sunnanlands utan kaupstaða rekin atvinna við að taka á móti gestum til dvalar að sumri til. Gististaðir þessir eru mjög misjafnlega umfangsmiklir, þannig að gestafjöldi, sem tekið verður við, er 15 þar, sem fæst er, en allt að 100—110 þar, sem húsnæði og annar viðbúnaður er mestur. Þá eru 10—12 staðir á leiðinni frá Reykjavík til Akureyrar, þar sem sérstakur viðbúnaður er til þess að taka við nætur- og dvalargestum. Eins og ráða má af líkum, eru gististaðir þessir mjög misjafnir, en gert er ráð fyrir því, að allir gististaðir á landinu verði undir sérstöku eftirliti skrifstofunnar bæði um dýrleika og aðbúnað allan. Þyrfti að stefna að því, að gistihús rækju ekki aðrir en þeir, sem til þess hefðu fengið tilheyrandi fræðslu. Er sérstaklega mikil áherzla á þetta lögð í þeim löndum, sem hér eru mest til fyrirmyndar. Nokkur athugun síðastliðið sumar á rekstri gistihúsanna hefir og sannfært nefndina, sem þetta frv. hefir samið, um það, að honum er í verulegum atriðum ábótavant.

Sumir hafa haldið því fram, að ekki væri vit í að hefja starfsemi til þess

að hæna hingað útlenda ferðamenn fyrr en séð væri fyrir því, að gistihúsakostur væri nægur. Þetta væri þó að fara aftan að síðunum, því að gistihús eru sömu lögum háð og önnur atvinnufyrirtæki, að menn efna ekki að jafnaði til þeirra fyrr en rök stefna til þess, að þau fái borið sig fjárhagslega. Gistihúsin koma ekki fyrr en nokkur þrýstingur er á kominn af ferðamönnum. Ferðaskrifstofunni er ætlað að skapa þau skilyrði, og þau koma ekki öll í einu, heldur smátt og smátt, eftir því sem áhrif hennar verða viðtækari.

Sökum þess að gistihúsakostur í landinu mun bráðlega reynast ónógur, ef aukning verður á komum erlendra ferðamanna, þá gæti til þess komið, að innlendir ferðamenn yrðu að vikja fyrir hinum erlendu, ef hinir síðarnefndu ættu að fá sæmilegau fararbeina. Í fljótu bragði mætti þetta virðast ósanngjarnt, en þó er svo eigi. Landsmönnum í heild sinni er á því þökk, að erlendir menn komi hingað og dvelji hér, og því er sjálfsagt að gera allt, sem unnt er, til þess að þeir uni sér hér vel, enda þótt það kunni að valda stundarópægindum fyrir innlenda menn. En sjálfsagt er, að ákvæði niðurlags 6. gr. frumvarpsins megi ekki beita nema með hæfilegum fyrirvara til gistihúsanna og þegar óvenjulega stendur á og samkvæmt reglugerð ráðherra.

Eftir því, sem næst verður komizt, getur naumast verið um minni upphæð að ræða en um 200000 krónur, er landsmenn fá nú árlega frá útlendum ferðamönnum fyrir allskonar viðskipti. Um 800 gestir koma hingað með almennum farþegaskipum auk þeirra, sem koma til 1—2 daga dvalar með hinum svonefndu „fljótfandi hótélum“. Að visu er það sannreynt, að sá útlendi gjaldeyrir, sem þessari upphæð samsvarar, kemur ekki inn til bankanna, svo sem lög mæla þó fyrir. En fyrst augljóst er, að menn láta undir höfuð leggjast að skila gjaldeyrinum inn til bankanna, þá er það enn til stuðnings þeirri skoðun, að nauðsynlegt sé, að ríkisvaldið taki þetta mál í sínar hendur. Þess hefir orðið vart, að útlendir ferðamenn hafa komið frá skipsfjöl með islenzka mynt, og hafa þó bankarnir einir rétt til sölunnar. Ferðamenn þessir hafa einnig látið það uppi, að þeir hafi stundum keypt þessar isl. krónur fyrir lægra verð en isl. krónur eru hér löglega seldar í landi. Ber hér allt að sama brunn — að eftirlit með þessum efnum er nauðsynlegt.

En fáist tvö hundruð þúsund króna viðskipti við útlenda ferðamenn, þótt sama sem ekkert sé gert til þess að laða þá til landsins, þá bendir það ótvírætt í þá átt, að þessi viðskipti geti aukizt stórlega, sé þeim sinnt á viðeigandi hátt. Og ef hin fyrirhugaða skrifstofa yrði ein um að annast milligöngu þeirra við landsmem, þá mundu ómakslaun hennar hrökkva mjög langt til þess að standast kostnað hennar af öðru en auglýsingum.

En kostnaðurinn við þær yrði líka óhjákvæmilega mikill, ef þær ættu verulega að koma að gagni. Og þar sem enn er svo skammt á veg komið allri skipun þessara mála, þá verður ekki undan því komizt að draga þetta fé inn með einhverskonar skatti. Að öllu samanlögðu þykir eðlilegast eins og nú standa sakir, að sá skattur verði greiddur af ferðalögum á landi á þann hátt, að 5% falli á farseðla með áætlunarferðum.

EKKI er nauðsynlegt að leiða að því rök, að í framtíðinni eru það ekki sízt bilaeigendur, sem gróða hljóta af auknum ferðamannastraum, flutningum

ferðamanna um landið og þeim auknu viðskiptum, sem af þeim stafa í landinu. Og þess er að vænta, að skattur þessi þurfi ekki að verða til þess að hækka fargjöldin í landinu fyrir almenningi. Samkvæmt lögum verða menn nú að sækja um sérleyfi til mannflutninga í áætlunarferðum, og eftirspurnin eftir þeim sérleyfum er svo mikil, að telja má áreiðanlegt, að ríkisstjórnin, sem sérleyfin veitir, geti auðveldlega séð um, að fyrir fólksflutningunum yrði vel séð, þótt ágóði af þeim lækkaði sem svaraði 5%. Er því í raun og veru ekki um annað að ræða en að frestað er lækkun — sem svarar þessari hundraðstölu —, sem annars mundi að öllum líkindum framkvæmd.

Áætlað er, að skattur þessi nemi nálægt 50 þús. kr. á ári, eftir reynslu undanfarandi ára um brúttótekjur af mannflutningum í bílum, eftir því sem skattstofan hefir upplýst. Þetta fé mundi gera kleift að hefja þetta starf, sem stefnt er að með frumvarpi þessu, svo að gagni kæmi þegar frá upphafi.